

SAMNINGUR UM HÁSKÓLASAMSTÆÐU
HÁSKÓLA ÍSLANDS OG HÁSKÓLANS Á HÓLUM

ARPÍL 2025

SAMNINGUR UM HÁSKÓLASAMSTÆÐU HÁSKÓLA ÍSLANDS OG HÁSKÓLANS Á HÓLUM

Háskóli Íslands, 600169-2039 (HÍ), Háskólinn á Hólum, 500169-4359 (HH) og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið (MNH) gera með sér samkomulag um stofnun háskólasamstæðu undir heitinu Háskóli Íslands.

1. MARKMIÐ

- 1.1. Með samningi þessum er lagður grunnur að stofnun háskólasamstæðu Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum, nefndir aðildarháskólar í samkomulagi þessu. Með slíkri samstæðu er átt við að tveir eða fleiri sjálfstæðir háskólar, er njóta faglegrar viðurkenningar (e. accreditation) starfi saman undir merkjum háskólasamstæðu, sem lýtur sameiginlegri yfirstjórn. Miðað er við að samstæðan taki formlega til starfa 1. janúar 2026. Samningurinn fjallar um lykilforsendur í tengslum við stofnun samstæðunnar, m.a. um stjórnskipulag, fjármál, húsnæðismál og sjálfstæði aðildarháskóla.
- 1.2. Markmið háskólasamstæðunnar er að bæta samkeppnishæfni háskólanna ásamt því að auka gæði náms, rannsókna, stoðþjónustu og auka tengsl við atvinnulíf og samfélag um land allt. Önnur markmið með stofnun háskólasamstæðu eru m.a. fjölbreytni í námsframboði, þróun námsgreina með áherslu á þarfir atvinnulífs og samfélags, samþætting prófgráða, aukin þjónusta við nemendur og kennara, breyttar aðferðir við kennslu og aukið rannsóknasamstarf.
- 1.3. Háskólasamstæðunni er jafnframt ætlað að styrkja HÍ sem leiðandi háskóla í íslensku samfélagi og HH sem sérhæfðan háskóla á landsbyggðinni. Áhersla er lögð á að samstæðan verði eftirsóknarverð fyrir fleiri háskóla og rannsóknastofnanir.
- 1.4. Aðilar eru sammála um að stofnun háskólasamstæðu sé vænleg leið til að samþætta og efla íslenskt háskólakerfi umfram það sem mögulegt væri, að óbreyttu skipulagi. Með nýrri háskólasamstæðu verður jafnframt lagt kapp á að hver aðildarháskóli haldi sérstöðu sinni, ásamt áherslu á uppbyggingu nauðsynlegra innviða til að styrkja samstæðuna í vaxandi alþjóðlegri samkeppni um fjármagn, nemendur og starfsfólk.

2. STJÓRNSKIPULAG

- 2.1. Gert er ráð fyrir breytingu á lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 áður en samstæðan tekur til starfa 1. janúar 2026. Stjórnskipulagið tekur mið af skipulagi HÍ, sem verður flaggskipsháskóli samstæðunnar. Gengið er út frá því að heiti samstæðunnar verður Háskóli Íslands. Háskóli Íslands í Reykjavík og Háskóli Íslands á Hólum verða sjálfstæðir sérhæfðir aðildarháskólar í samstæðunni, báðir með faglega viðurkenningu á sínum fræðasviðum og lögbundin heiti sem nánar skulu útfærð í lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008. Háskólasamstæðan lýtur sameiginlegri yfirstjórn. Háskólaráð HÍ er háskólaráð samstæðunnar og er rektor flaggskipsháskólans formaður ráðsins. Að minnsta kosti einn fulltrúi í háskólaráði samstæðunnar skal, eftir skipan þess 01.07.2026, hafa þekkingu og reynslu af háskóla- og rannsóknastarfi á landsbyggðinni. Sá fulltrúi er jafnframt annar af

veimur fulltrúum ráðherra háskólamála, sbr. lög um opinbera háskóla og er miðað við að rektor HH verði annar fulltrúi ráðherra fyrstu tvö árin.

- 2.2. Samstarfsráð samstæðunnar er sett á laggirnar samkvæmt samningi þessum. Það skipa jafnmargir aðilar frá hvorum aðildarháskóla. Samstarfsráðið fer með mikilvægar ákvarðanir sem varða m.a. samstarf aðildarháskólanna um nám, kennslu og rannsóknir. Samstarfsráð fjallar um og undirbýr mál fyrir rektor háskólasamstæðunnar og eftir atvikum háskólaráð samstæðunnar. Samstarfsráðið er jafnframt stefnumótandi og ráðgefandi fyrir rektor og háskólaráð samstæðunnar fyrir málefni hennar. Nánar skal kveðið á um hlutverk og verkefni samstarfsráðsins í starfsreglum sem samstarfsráðið setur sér. Miðlæg stjórnsýsla samstæðunnar annast undirbúning funda og eftirfylgni ákvarðana samstarfsráðsins samkvæmt nánari ákvörðun þess.
- 2.3. Starfsheiti núverandi rektors HH við stofnun samstæðunnar verður forseti Háskóla Íslands á Hólum (e. *Campus Dean*). Háskólaforseti situr reglulega fundi rektors samstæðunnar með forsetum fræðasviða Háskóla Íslands í Reykjavík. Háskóli Íslands á Hólum lýtur auk þess sérstakri stjórn og er háskólaforsetinn formaður hennar.
- 2.4. Háskólasamstæðan rekur sameiginlega stjórnsýslu og stoðþjónustu. Unnið verður að nánara skipulagi hennar og verkaskiptingu á milli aðildarskólanna samkvæmt sérstöku samkomulagi við aðila frá 9. september 2024 (Viðauki I), sem m.a. tekur til stjórnskipulags- og gæðamála, fjármála, mannauðsmála og upplýsingatækni.
- 2.5. Nauðsynlegt er að undirbúa lagabreytingarnar fyrir stofnun samstæðunnar. Slíkar breytingar munu m.a. taka til lagaheimilda vegna stofnunar háskólasamstæðu, heiti samstæðunnar, skipan háskólaforseta, stjórnar og skipan háskólaráðs samstæðunnar í þeim tilgangi að ný samsetning háskólaráðsins taki tillit til breytts hlutverks, sem stjórnar samstæðu en ekki einstaks háskóla.

3. FJÁRMÁL

- 3.1. Í samræmi við framangreint samkomulag aðila frá 9. september 2024 verður á næstu misserum unnið að skipulagi fjármála háskólasamstæðunnar, sem m.a. felur í sér ítarlega greiningu á núverandi fyrirkomulagi og stöðu fjármála hjá báðum háskólunum sem koma að samstæðunni, mat á greiningartólum og fjármálakerfum. Miðað er við að samstæðan starfi með sameiginlega kennitölu og fjárlaganúmer frá 1. janúar 2026 og að frá þeim tíma heyri starfsmenn og nemendur aðildarháskólanna undir samstæðuna. Brautskráning kándidata mun fara fram hjá aðildarskólunum eins og verið hefur.
- 3.2. MNH mun vinna að því að með stofnun háskólasamstæðunnar fylgi fjárhagslegur stuðningur til að samstæðunni og aðildarháskólum hennar verði kleift að ná sínum metnaðarfullum markmiðum. Fjármögnun aðildarháskóla samstæðunnar grundvallast á mælikvörðum árangurstengdar fjármögnunar háskóla. MNH mun í gegnum fjármögnunarlíkan háskólana áfram viðurkenna á hið mikilvæga samfélagslega hlutverk háskólastarfs á landsbyggðinni og mikilvægi þess að byggja upp sterka innviði til kennslu og rannsókna um allt land, m.a. á sviði fiskeldis- og fiskalíffræði, ferðamálafræði og

hestafræði. Skoðað verði hvort ferðamálafræði og fiskeldi eigi heima í hærri flokki, innan fjármögnunarlíkans, til samræmis við áherslu um aukið vettvangsnám.

- 3.3. Unnin skal greining á starfskyldum og starfskjörum akademískra starfsmanna beggja skóla. Leiði sú greining í ljós aðstöðumun verði það útfært í gegnum fjármögnunarlíkan háskólanna. Mikilvægt er að tryggja sambærileg tækifæri, hvað varðar aðgang að rannsóknarinnviðum og að stuðningi við sókn í erlenda samkeppnissjóði.
- 3.4. Aðilar eru sammála um að starfsemi háskólasamstæðu og sú stærðarhagkvæmni sem í henni felist, skuli leiða til sterkari miðlægra innviða, svo sem Uglu og vöruhúsi gagna og IRIS-i. Innan samstæðunnar verði markvisst unnið að aukinni stöðlun gagna og betri upplýsinga um íslenska háskólakerfið almennt.

4. HÚSNÆÐISMÁL

- 4.1. Fyrir liggur viljayfirlýsing frá 16. nóvember 2023, um eflingu starfsemi HH, undirrituð af ráðherra háskólamála og rektor HH, sem m.a. felur í sér áform um uppbyggingu húsnæðis fyrir starfsemi HH og fjárhagslegan aðskilnað á milli HH og tengdra stofnana á óskyldum fjárhagsviðföngum á Hólastað (Viðauki II). Jafnframt liggur fyrir minnisblað frá MNH háskólamála um húsnæðismál HH dags. 17. apríl 2024, þar sem farið er yfir stöðu mála og næstu skref í húsnæðismálum HH og Hólastaðar (Viðauki III). Í núgildandi fjármálaáætlun (2025-2029) sem og í samþykktum fjárlögum fyrir árið 2025, er þegar að finna áform um fjármögnun á uppbyggingu fasteigna Háskólans á Hólum, m.a. húsnæði fyrir kennslu og rannsóknir í fiskeldis- og fiskalíffræði og hestafræði. MNH mun áfram vinna að stuðningi við áformaðar framkvæmdir á Hólum og í Skagafirði, í því skyni að styrkja aðstöðu til kennslu og rannsókna við HH.
- 4.2. Unnið verði að uppbyggingu aðstöðu fyrir Fiskeldis- og fiskalíffræðideild Háskólans á Hólum á grundvelli þarfagreiningar háskólans og vilyrðis sveitarfélagsins Skagafjarðar, dags. 15.02.2023. Í þeim fyrsta áfanga er gert ráð fyrir 876 fermetra eldis-, inntaks- og tæknirými, auk aðstöðu fyrir starfsfólk og nemendur.
- 4.3. Háskólasamstæðan greiðir eingöngu leigu og annan kostnað fyrir það húsnæði eða innviði sem hún notar.

5. STÆKKUN HÁSKÓLASAMSTÆÐU OG EFLING HH SEM SÉRHÆFÐS HÁSKÓLA Á LANDS-BYGGÐINNI

- 5.1. Samningsaðilar munu kynna háskólasamstæðuna og markmið hennar fyrir öðrum háskólum og rannsóknastofnunum m.a. í því skyni að fá fleiri inn í samstæðuna til að styrkja hana og um leið íslenskt háskólakerfi enn frekar í alþjóðlegri samkeppni um fjármagn, nemendur og starfsfólk.
- 5.2. Háskóli Íslands mun vinna að flutningi Stofnunar rannsóknasetra HÍ til Háskóla Íslands á Hólum í því skyni að efla hlutverk hans sem leiðandi háskóla á landsbyggðinni samhliða eflingu innviða skólans.

5.3. Í tengslum við ráðningar í störf t.d. í stjórnsýslu og stoðþjónustu samstæðunnar verði leitast við að fjölga störfum sem staðsett eru í Skagafirði.

6. GILDISTÍMI OG ENDURSKOÐUNARÁKVÆÐI


6.1. Samningur þessi er ótímabundinn en hver samningsaðili um sig getur sagt honum upp með 12 mánaða fyrirvara.

6.2. Endurskoða skal samninginn eigi síðar en fyrir árslok 2027. Einnig ef vinna í starfshópum eða vinna við undirbúning lagabreytinga leiðir í ljós að eitthvað í þessum þríhliða samningi er verkefninu ekki til heilla á einhvern hátt þá er heimilt að endurskoða samninginn og gera breytingu.

Reykjavík, 25. apríl 2025

F.h. Háskóla Íslands

F.h. Háskólans á Hólum


Jón Atli Benediktsson, rektor
Hólmfríður Sveinsdóttir, rektor
Logi Einarsson,
menningar-, nýsköpunar- og
háskólaráðherra